

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

*Deiliskipulag, Laufvallargil.*

Deiliskipulagið tekur til lóðarinnar Laufvallargils, L220188. Innan skipulagsmarka eru afmarkaðar tvær lóðir og einn byggingarreitur á hvorri lóð. Á hvorri lóð er heimilt að byggja eitt frístundahús allt að 120 m<sup>2</sup> að stærð á einni eða tveimur hæðum auk tveggja aukahúsa s.s. gestahúss, geymslu eða baðhúss. Hámarksnýtingarhlutfall lóða er 0,03. Heimilt er að leigja út gistingu til ferðamanna.

Samþykkt í sveitarstjórn 17. maí 2023.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 1. september 2023.*

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

**Vigfús Þór Hróbjartsson.**

---

B-deild – Útgáfudagur: 15. september 2023